

AUGLÝSING

um tollfrjálsan innflutning á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku sem vísindaleiðangrar hafa meðferðis frá útlöndum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að heimila tollfrjálsan innflutning á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku sem vísindamenn og vísindaleiðangrar frá erlendum rannsóknarstofnunum og háskólum, hópar á vegum skólafnana o.þ.h., hafa meðferðis frá útlöndum til notkunar við rannsóknir sínar hér á landi.

2. gr.

Skilyrði framangreindrar undanþágu skulu vera eftirfarandi:

1. Lögð sé fram skrifleg heimild frá Vísindaráði um að viðkomandi leiðangur hafi leyfi til rannsóknarstarfsemi hér á landi.
2. Lögð sé fram sundurliðuð skrá yfir hinar innfluttu vörur og skal hún staðfest af leiðangursstjóra.
3. Leiðangursstjóri lýsi því yfir skriflega við tollafgreiðslu að hinar innfluttu vörur séu eingöngu vegna viðkomandi leiðangurs.
4. Hin innfluttu tæki og verkfæri verði flutt úr landi við brottför leiðangursins og eigi síðar en innan árs frá komudegi.
5. Hinar innfluttu vörur séu að mati tollyfirvalda, hæfilegar með tilliti til starfa og verksviðs leiðangursins hér á landi.

3. gr.

Undanþága samkvæmt auglýsingu þessari nær ekki til matvæla (þ.m.t. sælgæti) né áfengis- og tóbaksvara umfram það sem heimilt er að flytja til landsins tollfrjálst í samræmi við þær reglur sem gilda um tollfrjálsan varning ferðamanna, samkvæmt reglugerð nr. 547/1990, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., með síðari breytingum.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda jafnt þó vörur séu fluttar til landsins á annan hátt en sem farþegafarangur.

4. gr.

Undanþága samkvæmt auglýsingu þessari nær einnig til virðisaukaskatts, sbr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 5. tl. 6. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 188/1969, um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra.

Fjármálaráðuneytið, 2. maí 1991.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Kristján Gunnar Valdimarsson.